

Rökstuðningur dómnefndar

Tilnefningar til Kuðungsins árið 2023, voru alls 20 þetta er í annað sinn sem verðlaun eru veitt í tveimur flokkum, þ.e. í flokki stærri og minni fyrirtækja og eru verðlaunin veitt fyrir frammistöðu í umhverfismálum árið 2023. Dómnefndin í ár ákvað einnig að veita sérstök hvatningarverðlaun til framúrskarandi fyrirtækis/stofnunar á sama sviði.

Dómnefndina í ár skipuðu þau Auður Alfa Ólafsdóttir, Gunnlaug Helga Ásgeirsdóttir, Reynir Smári Atlason og Snorri Hallgrímsson. Dómnefndin hafði það verkefni að horfa til fjölda þátta á sviði umhverfismála, m.a. umhverfisstjórnun, innleiðingu nýjunga í umhverfisvernd, losun gróðurhúsalofttegunda, mengunarvarna, minni efnanotkun, lágmörkun úrgangs, umhverfisvænni þróun á vöru eða þjónustu, framlags til umhverfismála, samstarfs í umhverfismálum og til vinnuumhverfis.

Verkefnið var ærið, enda voru fyrirtækin sem tilnefnd voru um margt ólík, en þau fyrirtæki sem komust í úrslit eiga það sammerkt að skara fram úr á ákveðnum sviðum, leggja sitt af mörkum til umhverfismála, stuðla að viðhorfsbreytingu og framþróun í samfélaginu.

Minni fyrirtæki

Í flokki minni fyrirtækja komust fyrirtækin Bambahús og Snerpa Power í úrslit og stóð valið á milli þeirra tveggja.

Bambahús er fyrirtæki sem býður upp á gróðurhús til ræktunar og aðrar vörur sem búnar eru til úr endurnýttum bömbum en það eru plasttankar sem hafa verið notaðir til að flytja vökva.

Snerpa Power er fyrirtæki sem býður stórnotendum rafmagns upp á hugbúnaðarlausn sem dregur úr afltoppum og þörf raforkukerfisins fyrir skammtíma varaafli. Lausnin stuðlar að fyrirsjáanleika, bættri orkunýtni, og samkeppnishæfni raforkukerfisins.

Dómnefndin var einhuga um að veita fyrirtækinu Bambahús umhverfisverðlaun ársins 2023 í flokki minni fyrirtækja.

Bambahús hefur verið leiðandi í umhverfisvernd með því að uppvinna áður óþekkt verðmæti. Fyrir tilstilli Bambahúsa höfðu bambarnir sem fyrirtækið nýtir, verið fluttir út, þeir brenndir eða þeim fargað með tilheyrandi úrgangsmyndun og losun gróðurhúsalofttegunda. Byggingar eins og Bambahús gróðurhúsin stuðla að minni efnanotkun til bygginga en starfsemi Bambahúsa er einnig efling hringrásarhagkerfis með nákvæmari úrvinnslu verðmæta sem lágmarkar úrgang. Þá

hefur Bambahús verið að þróa fleiri umhverfisvænni vörur úr bömbunum svo sem fjölnota ylhús, kalda potta, sturtur og afdrep.

Bambahús hefur sýnt mikið frumkvæði með því að nýta hráefni sem annars hefði verið fargað. Vörur fyrirtækisins tala beint inn í hringrásarhagkerfið en úrgangur í augum eins getur verið gull í augum annars, og það er sannarlega í tilfalli Bambahúsa. Bambahús hefur, í samstarfi við önnur fyrirtæki, fært leik- og grunnskólum víða um land fjölnota ylhús að gjöf, sem nýtast bæði til kennslu og ræktunar matvæla. Dómnefndin er sammála um að notkun bambahúsanna feli í sér fræðslugildi um mikilvægi hringrásarhagkerfisins, ræktunar og sjálfbærni og stuðli að viðhorfsbreytingu sem getur falið í sér umtalsverð afleidd jákvæð umhverfisáhrif umfram þau sem felast í gerð húsanna sjálfra. Bambahús hefur sýnt mikla samfélagsábyrgð með því að rækta framtíðina og er ávöxturinn af starfsemi fyrirtækisins mikill.

Óskar dómnefnd Bambahúsum innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Stærri fyrirtæki

Í flokki stærri fyrirtækja komust fyrirtækin BM Vallá og Sorpa í úrslit ásamt Lögreglunni á Vesturlandi.

BM Vallá er framleiðandi steypu, hellna og múrvara fyrir íslenskan byggingariðnað og leggur mikla áherslu á umhverfismál í sinni starfsemi. Fyrirtækið hefur m.a. þróað og sett á markað vistvænni steypu sem er til þess fallin að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá byggingariðnaði sem er sá iðnaður sem losar hve mest af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu.

Lögreglan á Vesturlandi hefur ráðist í markvissar aðgerðir til að draga úr umhverfisspori af sinni starfsemi svo eftir hefur verið tekið innanlands sem og utan.

Sorpa réðst í umfangsmikil umbótaverkefni árið 2023 og innleiddi nýtt samræmt flokkunarkerfi og réðst í söfnun lífræns úrgangs frá matvælum á höfuðborgarsvæðinu með eftirtektarverðum árangri.

Val dómnefndar í flokki stærri fyrirtækja var erfitt en að lokum bar dómnefndinni saman um að Sorpa hlyti umhverfisverðlaun ársins 2023 í flokki stærri fyrirtækja.

Á árinu 2023 réðst Sorpa í mikilvæg umbótaverkefni sem sneru meðal annars að innleiðingu samræmds flokkunarkerfis og sérsöfnun matvæla á höfuðborgarsvæðinu. Með sérsöfnun matarleifa var stigið stórt skref í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Góðan árangur Sorpu í söfnun lífræns úrgangs má einnig rekja til þess hve vel almenningur hefur tekið í átakið og verið tilbúinn til að breyta hegðun sinni. Það má því segja að Sorpa, í samstarfi við almenning, hafi lyft grettistaki í flokkun lífræns úrgangs árið 2023 sem hefur skilað gríðarlegum umhverfisávinningi en hliðarávinningur af því ferli eru molta og metan.

Í lok árs 2023 hóf Sorpa jafnframt útflutning á sorpi til sorpbrennslu með tilheyrandi orkuvinnslu en orkuvinnsla sorps er mun betri leið til að meðhöndla rusl fremur en að urða það.

Sorpa hefur gengið mun lengra en hægt er að ætlast til af fyrirtækinu miðað við kjarnastarfsemi þess. SORPU hefur tekist að virkja almenning til þátttöku með átaki í fræðslu og markaðsherferðum auk þess að taka þátt í fjölda samstarfsverkefna á sviðum endurvinnslu og endurnýtingar, t.d. með þátttöku í viðgerðakaffi í samstarfi við Reykjavík Tool Library þar sem munum er haldið lengur í hringrás. Sorpa hefur staðið sig með eindæmum vel með því að gefa vörum og öðrum hlutum nýtt líf í gegnum Efnismiðlunina og verslun sína Góða hirðinn, nytjamarkað Sorpu, en þar er einnig hægt að versla vörur rafrænt. Dómnefnd telur að Sorpa sé vel að viðurkenningunni komin og sé öðrum fyrirtækjum til mikillar eftirbreytni með starfi sínu.

Óskar dómnefnd Sorpu innilega til hamingju með viðurkenninguna.

Sérstök hvatningarverðlaun

Dómnefnd ákvað að veita lögreglunni á Vesturlandi sérstök hvatningarverðlaun en embættið lauk á árinu við að uppfylla öll græn skref í ríkisrekstri. Skrefin eru fimm talsins og stuðla að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi ríkisstofnana og efla umhverfisvitund starfsmanna. Vegasamgöngur voru stærsti losunarþáttur embættisins og sýndi Lögreglan á Vesturlandi mikla framsýni með því að ljúka rafvæðingu bílaflota síns, fyrst lögregluembætta í Evrópu. Með því náði embættið eftirtektarverðum samdrætti í losun og fullum orkuskiptum, og hefur sá árangur hlotið mikla eftirtekt bæði innanlands og utan. Með hvatningarverðlaununum vonast dómnefndin til þess að framtak lögreglunnar á Vesturlandi í umhverfismálum verði öðrum ríkisstofnunum hvatning og til framdráttar. Dómnefndin færir lögreglunni á Vesturlandi hrós fyrir sín störf og óskar embættinu innilega til hamingju með verðlaunin.

Lokaorð

Í lokin vill dómnefndin koma á framfæri sínum innilegustu þökkum til fyrirtækja fyrir góðar móttökur á meðan vinnu dómnefndar stóð..